



Fundargerð

Boðandi Hjalti Jón Guðmundsson

Staðsetning TEAMS

Dagsetning 17.01.2024

Tími 09:30 – 10:00

Málsnúmer MAR23110134

Boðuð Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige

Þátttakendur Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige

64. fundur Fiskeldissjóðs

1. Fundargerð síðasta fundar.

Stjórn samþykkti fundargerð síðasta fundar. Þar sem það misfórst að boða Vesturbyggð á síðasta fund fól stjórn starfsmanni að boða Vesturbyggð á fund þar sem kynnt yrðu drög að úthlutunarreglum.

2. Úthlutunarreglur o.fl. vegna úthlutunar 2024.

Stjórn samþykkti úthlutunarreglur líkt og þær voru kynntar á síðasta fundi. Gerður er þó sá fyrirvari að engar breytingar verði gerðar á úthlutunarreglum að loknum fundi með Vesturbyggð, sbr. dagskrárlið 1 hér að framan.

3. Auglýsing eftir umsóknum.

Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum í næstu viku.

4. Önnur mál.

Stjórn bíður nú svara frá sveitarfélögum um stöðu verkefna sem fengu úthlutað árið 2021. Með vísan til úthlutreglna og reglugerðar sér stjórn sér ekki annað fært en að rifta samningum við sveitarfélög sem ekki hafa lokið þeim verkefnum sem fengu úthlutað árið 2021.

Næsti fundur